# AUGLÝSING

## um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á bræðslusíldarafurðum fyrir tímabilið frá upphafi síldarvertíðar í haust til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á bræðslusíldarafurðum fyrir tímabilið frá upphafi síldarvertíðar í haust til 31. desember 1981:

Síldarmjöl $ 8,50 á próteineiningu í lest.
Síldarlýsi $ 520,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði af mjölinu en 50% af lýsinu.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1981.*

**F. h. r.**
**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 632. 30. október 1981.

# AUGLÝSING

## um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Fiskmjöl $ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagangi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1981.*

**F. h. r.**
**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*